NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 20/2026

Brot Orkunnar IS ehf. gegn ákvörðun Neytendastofu

I. Málsmeðferð

1. Með bréfi Neytendastofu, dags. 5. mars 2026, til Orkunnar IS ehf. var vísað til ákvörðunar stofnunarinnar nr. 30/2021, *Fullyrðingar Skeljungs um lægsta verðið og ódýrasta eldsneyti landsins,* dags. 15. september 2021. Ákvörðunarorð voru svofelld:

> *„Skeljungur hf., Borgartúni 26, 105 Reykjavík, vörumerkjaeigandi Orkunnar, hefur með birtingu fullyrðinga um lægsta verðið og ódýrasta eldsneytið brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr., 14. gr. og a. lið 2. mgr. 15. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Skeljungi hf. bönnuð birting fullyrðinganna.“*

2. Neytendastofu hafi borist upplýsingar um áframhaldandi markaðssetningu Orkunnar þar sem skírskotað sé til þess að lægsta verðið sé hjá Orkunni, sbr. meðfylgjandi fylgiskjöl. Umræddar fullyrðingar séu eftirfarandi:

> *„Lægsta verðið“*
> *„Lægsta verðið er á Dalvegi“*
> *„Lægsta verðið er í Suðurfelli“*
> *„Lægsta verðið hjá Orkunni – 73 stöðvar um land allt“*

3. Með vísan til 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, fari Neytendastofa fram á að Orkan færi sönnur á ofangreindar fullyrðingar. Með vísan til alls framangreinds telji Neytendastofa að ákvæði 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005, kunni að eiga við um málið.

4. Svar Orkunnar barst með bréfi, dags. 19. mars 2026. Þar kom fram að Orkan telji umræddar fullyrðingar ólíkar þeim fullyrðingum sem lagt hafi verið bann við birtingu á í tilvitnaðri ákvörðun Neytendastofu nr. 30/2021.

5. Umrædd ákvörðun Neytendastofu frá 2021 hafi lotið að fullyrðingum sem séu ólíkar þeim fullyrðingum sem til umfjöllunar séu í máli þessu. Í fyrsta lagi hafi Skeljungur fullyrt að boðið væri upp á *„lægsta verðið á höfuðborgarsvæðinu – skilyrðislaust“*. Ekki sé til að dreifa slíkum fullyrðingum í máli þessu. Þannig lúti fullyrðingarnar um *„lægsta verðið“* að því að lægsta verð Orkunnar bjóðist á tilteknum stöðvum sem tilgreindar séu ýmist í bakgrunni tilkynninganna eða undir fyrirsögn þeirra en ekki t.d. að Orkan bjóði lægsta verðið af öllum söluaðilum eldsneytis á öllu höfuðborgarsvæðinu líkt og aðstaðan hafi verið í áðurgreindri ákvörðun Neytendastofu.

6. Umræddar tilkynningar hafiekki birst í formi auglýsinga til almennings heldur tilkynninga annars vegar til þeirra sem fylgist með Orkunni á Facebook og hins vegar til notenda vefsíðu félagsins.

7. Þó svo að í umþrættum tilkynningum, sem hafi fyrst birst þann 9. september 2025, felist ekki skilaboð um annað en að lægsta verð Orkunnar bjóðist á þeim eldsneytisafgreiðslustöðvum sem tilgreindar séu í bakgrunni tilkynninganna þá sé á það bent að eldsneytisverð Orkunnar hafi engu að síður verið það lægsta á landinu alla daga frá 9. september 2025 skv. vefsíðunni www.gsmbensin.is en það megi t.d. sjá með því að skoða vefsíðuna í gegnum vefsafn Landsbókasafns Íslands. Rétt sé að geta þess að verð Costco séu ekki birt á umræddri vefsíðu enda greiði viðskiptavinir þess fyrirtækis að hluta fyrir eldsneytið í formi félagsgjalda að lokuðu viðskiptakerfi. Í þessu sambandi megi t.d. benda á að ef verðlagning Costco á 95 oktana bensíni í dag, þann 19. mars 2026, sé borin saman við verð á sömu vöru hjá Orkunni á Dalvegi þá megi ljóst vera að einstaklingur, sem ekur 5.000 km. á ársgrundvelli á bifreið sem eyðir 6 lítrum á hundraðið, greiði meira í heildina til Costco fyrir eldsneytið, að meðtöldum félagsgjöldum, en hann myndi gera hjá Orkunni.

8. Með sömu rökum og að ofan greini bendi félagið á að í tilkynningum um *„Lægsta verðið er á Dalvegi“ og „Lægsta verðið er í Suðurfelli* felist ekki fullyrðingar um annað en Orkan bjóði sitt besta verð á Dalvegi og í Suðurfelli sem sé staðreynd en með bréfinu fylgi samantekt sem staðfesti að félagið bjóði hvergi upp á betra eldsneytisverð.

9. Hvað auglýsinguna um *„Lægsta verðið hjá Orkunni – 73 stöðvar um land allt“*varði þá sé bent á að í auglýsingunni felist ekki fullyrðing um að Orkan bjóði lægra verð en samkeppnisaðilar sínir, þó félagið geri það í reynd m.v. annars vegar veittar upplýsingar á vefsíðunni www.gsmbensin.is og hins vegar þær forsendur sem gefnar séu hér að ofan og

lúti að tvíþættri gjaldtöku Costco við sölu eldsneytis. Þvert á móti þá sé fyrirsögn auglýsingarinnar tilvísun til þeirra stöðva þar sem Orkan bjóði sitt lægsta verð en þær séu 13 talsins og tilgreindar á heimasíðu félagsins.

10. Að öðru leyti eigi sömu sjónarmið við um auglýsinguna og tilkynningar félagsins.

11. Þar sem Neytendastofa virðist telja að sömu sjónarmið eigi við um auglýsingar Skeljungs hf. frá 2021 og nýlegar tilkynningar og netauglýsingar Orkunnar þá sé í öðru lagi bent á að í umþrættum tilkynningum Orkunnar sé hvergi fullyrt að félagið bjóði *ódýrasta eldsneyti landsins* eða *í öllum landshlutum* eins og tilfellið hafi verið í þeim auglýsingum Skeljungs hf. sem fjallað hafi verið um í ákvörðun Neytendastofu frá 2021.

12. Til viðbótar við allt sem rakið hafi verið hér að ofan sé bent á að í margnefndri ákvörðun Neytendastofu, vegna auglýsinga Skeljungs hf., hafi, ólíkt máli þessu, legið fyrir gögn frá kvartanda í því máli, N1 ehf., um að Skeljungur hf. hefði alls ekki boðið upp á lægsta verðið á þeim dögum, sem þær auglýsingar sem málið laut að, hafi verið birtar. Þannig hafi N1 ehf. tekist að sýna fram á að ÓB hefði boðið upp á lægsta eldsneytisverðið þann 18. febrúar 2021 og Dælan hinn 10. sama mánaðar. Í máli þessu liggi ekkert fyrir um að samkeppnisaðilar Orkunnar hafi boðið upp á lægra eldsneytisverð í samanburðarhæfum viðskiptum.

13. Í ljósi alls ofangreinds telji félagið af og frá að það hafi gerst brotlegt við ákvæði laga nr. 57/2005. Þannig geti félagið hæglega fært sönnur á, í skilningi 4. mgr. 6. gr. áðurgreindra laga, að lægsta verð Orkunnar hafi verið í boði á þeim staðsetningum sem tilgreindar hafi verið í umþrættum tilkynningum/auglýsingum. Þó svo að í umþrættum tilkynningum/auglýsingum Orkunnar hafi ekki verið skilaboð um annað en að lægsta verð félagsins hafi verið í boði á tilteknum útsölustöðum félagsins þá sé bent á að eldsneytisverðið á viðkomandi útsölustöðum hafi að auki verið það lægsta í viðkomandi sveitarfélögum skv. vefsíðunni www.gsmbensin.is og einnig það lægsta á landinu öllu í skilyrðislausum viðskiptum líkt og önnur verðupplýsingasíða www.gasvaktin.is, staðfesti.

14. Þaðan af síður geti viðskiptahættirnir talist villandi í skilningi 9. gr. sömu laga, þ.m.t. í skilningi d. liðar 1. mgr. og 2. mgr., enda augljóst að tilkynningar/auglýsing Orkunnar sé skírskotun til þeirra staðsetninga þar sem félagið bjóði sitt lægsta verð. Jafnvel þó önnur meining væri lögð í þetta markaðsefni Orkunnar, s.s. að félagið bjóði lægra verð en aðrir aðilar á markaðnum, þá sé slíkt staðreynd, a.m.k. í viðskiptum þar sem viðskiptavinurinn þurfi ekki að greiða hluta kaupverðs eldsneytis í formi aðildargjalds að lokuðu viðskiptamannakerfi.

15. Með vísan til alls framangreinds sé það afstaða félagsins til fyrirspurnar Neytendastofu í bréfi, dags. 5. mars 2026, að það markaðsefni sem fyrirspurnin lúti að sé ekki sambærilegt

markaðsefni sem fjallað var um í ákvörðun Neytendastofu í máli nr. 30/2021 enda hafi Orkan hvorki stært sig af, í umþrættu markaðsefni, að bjóða upp á ódýrasta eldsneyti landsins né lægsta verðið í öllum landshlutum líkt og raunin var í því máli. Sýnt hafi verið fram á það í andsvörum þessum að umrætt markaðsefni gangi ekki í berhögg við þau ákvæði laga nr. 57/2005 sem vikið sé að í fyrirspurnarbréfi Neytendastofu.

16. Með bréfi Neytendastofu, dags. 7. september 2026, var vísað í fyrri samskipti ásamt því að svarbréf Orkunnar frá 19. mars 2026 var reifað.

17. Í fyrstu sé rétt að taka fram að fullyrðingar þær er undir voru í máli því er leiddi til ákvörðunar Neytendastofu nr. 30/2021 skírskotuðu til „lægsta“ og „ódýrasta“ eldsneytis landsins og þrátt fyrir að orðið „skilyrðislaust“ sé ekki notað í núverandi markaðssetningu telji Neytendastofa enn koma til álita að núverandi markaðssetning feli í sér brot gegn fyrrgreindri ákvörðun enda tæpast hægt að beita svo þröngri túlkun að eitt orð skilji að hvort um brot sé að ræða eður ei. Þá sé að sama skapi einnig rétt að benda á að fullyrðingar á samfélagsmiðlum og vefsíðum fyrirtækja hafa verið taldar til auglýsinga í skilningi 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005.

18. Í svarbréfi félagsins sé vísað til þess að í bakgrunni auglýsinga, undir fyrirsögn þeirra, sé tilgreint um hvaða sölustað eldsneytis sé að ræða og að sá sölustaður sé sannarlega sá ódýrasti á því svæði. Því tengdu sé það álit Neytendastofu að til álita komi hvort slík tilgreining sé nægjanlega skýr eða afdráttarlaus til að hinn almenni neytandi átti sig á framangreindri tengingu. Þá sé slíkri tilgreiningu ekki til að dreifa í öllum þeim fullyrðingum er fylgdu með fyrra bréfi Neytendastofu.

19. Svar Orkunnar barst með bréfi, dags. 21. september 2026. Í fyrsta lagi mótmæli félagið því sem fram komi í bréfi Neytendastofu, að tæpast sé *„hægt að beita svo þröngri túlkun að eitt orð skilji að hvort um brot sé að ræða eður ei“*. Sé í því sambandi bent á að eitt orð geti svo sannarlega skipt sköpum við túlkun á orðalagi, s.s. ef orðið *„ekki“* sé notað eða því sleppt. Félagið telji því að sú staðreynd að það hafi ekki notað orðið *„skilyrðislaust“* í þeim tilkynningum sem bréfið snúi að, skipti höfuðmáli.

20. Í annan stað bendi félagið á að tilkynningar þær, sem vitnað sé til í bréfinu, þar sem fram komi *„Lægsta verðið hjá Orkunni“,* séu skýrar og afdráttarlausar hvað merkingu þeirra varði. Félagið bendi á að með tilkynningunum sé neytendum gefinn kostur á að finna hvar lægsta verðið hjá Orkunni sé. Þessu tengt fylgi tilkynningunum tengill á vefsíðu Orkunnar með upplýsingum þar um.

21. Hvergi í framangreindum tilkynningum sé fullyrt að lægsta verðið sé ávallt hjá Orkunni á öllum stöðvum félagsins, heldur sé verið að beina neytendum á vefsíðu Orkunnar þar sem finna megi hvar Orkan bjóði upp á sitt lægsta verð.

22. Á vefsíðu Orkunnar sé síðan sérstök umfjöllun um það hvar félagið bjóði upp á lægsta verð sitt. Þar komi m.a. fram:

> *„Við bjóðum okkar lægsta verð á eftirfarandi staðsetningum*
>
> *Brúartorg, Bústaðarvegur, Dalvegur, Einhella, Furuvellir, Hörgárbraut, Kleppsvegur, Mýrarvegur, Reykjavíkurvegur, Salavegur, Skógarhlíð, Suðurfell, Suðurlandsvegur“*

23. Líkt og sjáist af framangreindu, bendi þær tilkynningar sem vitnað sé til í bréfi Neytendastofu frá 7. september sl., á hvar megi finna lægsta verðið hjá Orkunni, en líkt og hjá mörgum söluaðilum eldsneytis sé verðið mishátt hjá Orkunni eftir staðsetningum stöðva. Á vefsíðunni sjálfri sé svo tilgreint hvar lægsta verðið hjá Orkunni sé þá stundina og fylgi tengill á vefsíðuna hjá þeim tilkynningum líkt og rakið hafi verið.

24. Í þriðja lagi telji Orkan rétt að svara því áliti Neytendastofu er varði tilgreiningu á sölustöðum Orkunnar *„í bakgrunni auglýsinga“* að *„til álita komi hvort slík tilgreining sé nægjanlega skýr eða afdráttarlaus til þess að hinn almenni neytandi átti sig á framangreindri tengingu“*. Orkan telji ljóst að hinn almenni neytandi ætti að geta áttað sig á slíkri tengingu enda sé erfitt að sjá hvaða leið væri skýrari eða afdráttarlausari í tilkynningum af þessum toga. Sé hér vísað til þess að Orkan telji upp og feitletri sölustaði sína með lægstu verðin í tilkynningunum sem vitnað sé til.

25. Í fjórða lagi, og til áherslu, bendi Orkan á að þrátt fyrir að tilkynningar þær sem vitnað sé til í bréfi Neytendastofu eigi eingöngu að beinast að því hvar finna megi lægsta verðið sem Orkan bjóði upp á, þá kappkosti félagið jafnframt við að bjóða lægsta eldsneytisverð landsins til neytenda hverju sinni á völdum stöðvum, líkt og rakið sé í bréfi Orkunnar, dags. 19. mars 2026. Þessu til stuðnings fylgi erindi þessu skjáskot af vefsíðunni www.gsmbensin.is frá 21. september 2026, þar sem sjá megi að Orkan bjóði sannarlega lægsta verð eldsneytis (bensín og dísel) á völdum stöðum þann dag.

26. Að öllu framangreindu virtu og með vísan til fyrra bréfs Orkunnar, dags. 19. mars 2026, hafni félagið því að markaðsefni þess brjóti að einhverju leyti í bága við áðurgildandi lög nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, eða núgildandi markaðssetningarlög nr. 44/2026.

27. Með tölvupósti, sendum 25. september 2026, tilkynnti Neytendastofu Orkunni að stofnunin telji gagnaöflun málsins lokið og muni málið nú verða tekið til ákvörðunar stofnunarinnar.

II. Niðurstaða

28. Mál þetta lýtur að auglýsingum Orkunnar IS ehf. þar sem notast er við fullyrðingar um *„Lægsta verðið“* og þá hvort birting umræddra auglýsinga teljist brot gegn ákvörðun Neytendastofu nr. 30/2021. Umræddar fullyrðingar eru eftirfarandi:

> *„Lægsta verðið“*
> *„Lægsta verðið er á Dalvegi“*
> *„Lægsta verðið er í Suðurfelli“*
> *„Lægsta verðið hjá Orkunni – 73 stöðvar um land allt“*

29. Í bréfum Neytendastofu hefur komið fram að stofnunin telji ákvæði 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, kunni að eiga við um málið.

30. Í svörum félagsins hefur komið fram að félagið telji ofangreindar fullyrðingar ólíkar þeim fullyrðingum sem umrædd ákvörðun sneri að en þar hafi fullyrðing um lægsta verðið verið svohljóðandi: *„lægsta verðið á höfðuborgarsvæðinu – skilyrðislaust“*. Núverandi fullyrðingar innhaldi þannig ekki orðin *„höfuðborgarsvæðið“* og *„skilyrðislaust“* og séu því ólíkar þeim sem undir voru í fyrri ákvörðun Neytendastofu.

31. Umræddar fullyrðingar hafi ekki birst í formi auglýsinga til almennings heldur tilkynninga til annars vegar þeirra sem fylgjast með félaginu á Facebook og hins vegar til notenda vefsíðu félagsins. Í tilkynningunum felist ekki fullyrðing um að Orkan bjóði lægra verð en samkeppnisaðilar sínir heldur sé í fyrirsögn auglýsinganna tilvísun til þeirra stöðva þar sem félagið bjóði sitt lægsta verð. Þá sé á það bent að eldsneytisverð Orkunnar hafi engu að síður verið það lægsta á landinu alla daga frá 9. september 2025 skv. vefsíðunni www.gsmbensin.is en rétt sé að geta þess að verð Costco séu ekki birt á umræddri vefsíðu enda greiði viðskiptavinir þess fyrirtækis að hluta fyrir eldsneytið í formi félagsgjalda að lokuðu viðskiptakerfi.

32. Ákvæði 5. gr. laga nr. 57/2005 leggur almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna. Samkvæmt 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005 skulu fyrirtæki geta sannað fullyrðingar sem fram koma í

auglýsingum eða með öðrum hætti. Geti fyrirtæki ekki sannað fullyrðingar sínar kemur til álita hvort um sé að ræða óréttmæta viðskiptahætti samkvæmt öðrum ákvæðum laganna. Í 1. mgr. 8. gr. er um það fjallað að viðskiptahættir séu óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti og raska verulega, eða eru líklegir til að raska verulega, fjárhagslegri hegðun. Í 1. mgr. 9. gr. er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir séu líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almennri framsetningu þó gefnar séu upp réttar staðreyndir, eða ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í b. lið 1. mgr. 9. gr. kemur fram að viðskiptahættir séu villandi ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar um verð vöru eða þjónustu eða aðferð við útreikning á verði og hvort um sértilboð eða annað verðhagræði sé að ræða og hvort það sé háð skilyrðum. Þá kemur fram í 2. mgr. 9. gr. að viðskiptahættir séu villandi ef ekki er greint frá upplýsingum sem telja megi að almennt skipti máli fyrir neytendur og þær eru til þess fallnar að hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti.

33. Líkt og að framan greinir heldur Orkan því fram að ekki hafi verið um hefðbundnar auglýsingar að ræða, að frátaldri auglýsingu með fullyrðingunni *„Lægsta verðið hjá Orkunni – 73 stöðvar um land allt“,* heldur tilkynningar til þeirra er fylgi félaginu á samfélagsmiðli og til notenda vefsíðu félagsins.

34. Með vísan til framangreinds er rétt að benda á að ákvæði laga nr. 57/2005 gilda ekki einvörðungu um fullyrðingar sem birtar eru í auglýsingum, sbr. 4. mgr. 6. gr. laganna sem kveður á um að fyrirtæki þurfi að geta fært sönnur á fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum eða með öðrum hætti. Þá segir í 2. mgr. sömu greinar að auglýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir skuli ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað sé til óviðkomandi mála.

35. Allt að einu er það álit Neytendastofu að fullyrðingar þær sem um er deilt í fyrirliggjandi máli teljist til auglýsinga enda eru þær settar fram í viðskiptalegum tilgangi, beinast að vörum félagsins og fela í sér fullyrðingu um verðhagræði. Að framangreindu virtu er engum vafa undirorpið að ákvæði laga nr. 57/2005 taki til viðskiptahátta félagsins enda sé um fullyrðingar í skilningi 4. mgr. 6. gr. laganna að ræða.

36. Í svörum félagsins hefur einnig komið fram að félagið telji sig í reynd hafa boðið upp á lægsta eldsneytisverð landsins alla daga frá 9. september 2025 enda sé eldsneytissala Costco undanskilið samanburði er viðkemur verðlagningu eldsneytis og þá með vísan til þess að viðskiptavinir Costco greiði að hluta fyrir eldsneytið í formi félagsgjalda.

37. Álit Neytendastofu um það hvort taka beri eldsneytissölu Costco með í samanburði er viðkemur auglýsingum er varða eldsneytisverð liggur fyrir, sbr. t.d. ákvörðun

Neytendastofu nr. 60/2020. Afstaða Neytendastofu er að líklegt sé að hinn almenni neytandi myndi ætla að Costco væri með í umræddum samanburði þar sem félögin eru keppinautar við sölu eldsneytis.

38. Það er því álit Neytendastofu að félagsgjald Costco réttlæti ekki eitt og sér að félaginu sé sleppt úr samanburði sem liggur að baki óskilyrtri auglýsingu á borð við *„Lægsta verðið“* enda er fullyrðingin afdráttarlaus og án allra afmarkana. Er lýtur að þeim rökstuðningi félagsins að verðupplýsingar séu ekki birtar á vefsíðunni www.gsmbensin.is að þá má benda á að verðupplýsingar eldsneytis Costco eru birtar á vefsíðunum www.gasvaktin.is og www.aurbjorg.is en þær vefsíður eru sambærilegar síðunni www.gsmbensin.is og ætla má að neytendur nýti sér þær jöfnum höndum til upplýsinga um hvar hagstæðast sé að kaupa eldsneyti.

39. Að framangreindu virtu er það því álit Neytendastofu að Orkan hafi ekki fært sönnur á að félagið hafi boðið upp á lægsta verð eldsneytis á því tímabili sem undir er í því máli er hér liggur fyrir enda bjóði Costco upp á töluvert lægra verð á bæði bensíni og dísel.

40. Kemur þá til skoðunar hvort í umræddum fullyrðingum Orkunnar hafi falist villandi og óréttmætir viðskiptahættir og hvort þeir viðskiptahættir hafi brotið gegn ákvörðun Neytendastofu nr. 30/2021.

41. Líkt og framan greinir lúta fullyrðingar félagsins að auglýsingum um *„Lægsta verðið“*. Í fyrsta lagi er um að ræða auglýsingar þar sem texti með *„Lægsta verðið“* er fyrir miðju auglýsinga í stóru og áberandi letri en í bakgrunni, í smáu og óskýru letri, þ.e. litur letursins er mjög sambærilegur bakrunni, segir m.a. *„Í Kópavogi er á Dalvegi og Salavegi“*. Það er álit Neytendastofu að framsetning umræddra auglýsinga sé þannig úr garði gerð að erfitt sé fyrir hinn almenna neytenda að sjá og átta sig á að tilvísun til lægsta verðsins sé einvörðungu ætlað að ná til þeirra staðsetninga sem fram koma með ógreinilegum hætti í bakrunni aðaltexta auglýsinganna. Að mati Neytendastofu vegur hér þyngst hversu áberandi fullyrðing um *„Lægsta verðið“* er og að engar nánar skýringar eða afmarkanir er að finna að frátöldum ógreinilegum texta í bakrunni og skorti því skýrari tengingu á milli fullyrðingarinnar og að henni sé einvörðungu ætlað að ná til tiltekinna staðsetninga sölustaða félagsins.

42. Að framangreindu virtu er það álit Neytendastofu að framangreind fullyrðing og framsetning hennar brjóti gegn 1. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005.

43. Í öðru lagi er um að ræða auglýsingar sem innihalda fullyrðingar *um „Lægsta verðið“, „Lægsta verðið er á Dalvegi“* og *„Lægsta verðið er í Suðurfelli“*. Í texta undir fyrstnefndu auglýsingunni eru taldir upp nokkrir sölustaðir félagsins en engar frekari skýringar eða

afmarkanir er að finna í framangreindum auglýsingum. Fullyrðingarnar eru afdráttarlausar og án frekari skýringa og er það því álit Neytendastofu að hinn almenni neytandi leggi þann skilning í framangreindar auglýsangrar að félagið fullyrði að þar sé í boði lægsta verð eldsneytis sem völ er á. Umræddar auglýsingar brjóta því gegn ákvæðum 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005.

44. Í þriðja lagi er um að ræða auglýsingar sem innihalda fullyrðingar um *„Lægsta verðið hjá Orkunni“* og *„Lægsta verðið hjá Orkunni – 73 stöðvar um land allt“*. Undir fyrrnefndu auglýsingunni var að finna texta með smærra letri: *„Finndu næstu Orkustöð – 73 stöðvar um land allt“*. Engar frekari skýringar komu fram í umræddum auglýsingum. Í svörum félagsins kom hins vegar fram að félagið telji fullyrðingarnar skýrar og afdráttarlausar hvað merkingu þeirra varðar. Neytendum sé gefinn kostur á að finna hvar lægsta verð Orkunnar sé og því til viðbótar fylgi fullyrðingunum tengill á vefsíðu Orkunnar með upplýsingum þar um.

45. Í framangreindum fullyrðingum kemur aftur á móti engin tilvísun til þess að með þeim sé einvörðungu átt við lægsta verð Orkunnar. Þá er einföld vísun til tengils, þar sem hægt sé að finna nánari upplýsingar, ekki nægjanleg til að leiðrétta efnislega rangar fullyrðingar sem birtast hinum almenna neytanda sem afdráttarlausar fullyrðingar um hvar sé hægt að finna lægsta verð eldsneytis. Framangreindar fullyrðingar Orkunnar brjóta því gegn ákvæðum 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr. og d. liðar 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005.

46. Í máli þessu er deilt um hvort hinar umþrættu fullyrðingar brjóti gegn ákvörðun Neytendastofu nr. 30/2021. Í því máli var komist að þeirri niðurstöðu að birting fullyrðinga um lægsta verðið og ódýrasta eldsneytið hafi brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr., 14. gr. og a. lið 2. mgr. 15. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005. Var félaginu jafnframt bönnuð birting fullyrðinganna.

47. Félagið heldur því fram að þær fullyrðingar sem undir séu í þessu máli séu ólíkar þeim fullyrðingum sem undir voru í máli því er leiddi til ákvörðunar nr. 30/2021. Vísar félagið til þess að þær fullyrðingar hafi innihaldið orðið *„skilyrðislaust“* og vísun til *„höfuðborgarsvæðisins“*.

48. Að mati Neytendastofu er óumdeilt að megininntak þeirra fullyrðinga sem fyrrnefnd ákvörðun laut að hafi verið vísun til lægsta verðsins, líkt og megininntak þeirra fullyrðinga sem undir eru í þessu máli. Orðið *„skilyrðislaust“* og vísun til höfuðborgarsvæðisins var inntaki fullyrðinganna til fyllingar og breytir því ekki að bann það sem kveðið er á um í umræddri ákvörðun tók til birtingu fullyrðinga um *„lægsta verðið“*. Þá er það mat stofnunarinnar að hinn almenni neytandi leggi sambærilegan skilning í þær fullyrðingar

sem reynir á í þessu máli og reyndi á í máli nr. 30/2021, þ.e. að Orkan bjóði upp á lægsta eldsneytisverðið.

49. Að framangreindu virtu er það álit Neytendastofu að birting ósannaðra fullyrðinga þar sem vísað er til lægsta verðsins hafi brotið gegn banni því er ákvörðun Neytendastofu nr. 30/2021 kveður á um.

50. Undir rekstri málsins tóku gildi ný markaðssetningarlög nr. 44/2026 en við gildistöku þeirra féllu úr gildi lög nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Breytingarnar sem innleiddar voru með lögum nr. 44/2026 höfðu ekki í för með sér efnislegar breytingar er viðkemur viðskiptaháttum fyrirtækja, líkt og um er deilt í fyrirliggjandi máli, sbr. ákvæði þágildandi laga nr. 57/2005.

51. Með vísan til a. liðar 2. mgr. 30. gr. markaðssetningarlaga nr. 44/2026 telur stofnunin rétt að banna Orkunni IS ehf. notkun fullyrðinga um lægsta verðið svo villandi sé fyrir neytendur.

52. Samkvæmt 1. mgr. 33. gr. markaðssetingarlaga nr. 44/2026 getur Neytendastofa lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn ákvæðum laganna, reglugerðum settum á grundvelli þeirra og ákvörðun Neytendastofu.

53. Við ákvörðun stjórnsýsluviðurlaga tekur Neytendastofa mið af meginreglu 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um lagaskil refsilöggjafar (lex mitior). Brot gegn lögum nr. 57/2005 vörðuðu stjórnvaldssektum samkvæmt ákvæði a. liðar 1. mgr. 22. gr. laganna en sektarrammi vegna þeirra var hækkaður sbr. 3. mgr. 33. gr. laga nr. 44/2026. Af framansögðu verður með hliðsjón af 2. gr. almennra hegningarlaga tekið mið af ákvæðum laga nr. 57/2005 við ákvörðun fjárhæðar stjórnvaldssektar en í því felst lægri sektarrammi en núgildandi ákvæði laga nr. 44/2026 kveða á um.

54. Með vísan til framangreindra sjónarmiða og að teknu tilliti til umfangs brotanna, fyrri ákvörðunar stofnunarinnar og jafnræðis- og meðalhófsreglu stjórnsýslulaga nr. 37/1993 telur Neytendastofa hæfilegt að leggja á Orkuna IS ehf. stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 1.300.000,- (ein milljón og þrjú hundruð þúsund krónur).

III. Ákvörðunarorð:

„Orkan IS ehf., Fellsmúla 28, 108 Reykjavík, hefur með birtingu fullyrðinga um lægsta verðið brotið gegn ákvæðum 4. mgr. 6 .gr., 1. mgr. 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Með vísan til a. liðar 2. mgr. 30. gr. markaðssetningarlaga nr. 44/2026, bannar Neytendastofa Orkunni IS ehf. notkun framangreindra fullyrðinga í markaðs- og kynningarefni félagsins þannig að villandi sé fyrir neytendur. Bannið tekur gildi við birtingu ákvörðunar þessarar.

Orkan IS ehf. hefur brotið gegn ákvörðun Neytendastofu nr. 30/2021, dags. 15. september 2021, *Fullyrðingar Skeljungs um lægsta verðið og ódýrasta eldsneyti landsins*.

Með heimild í 33. gr. markaðssetningarlaga nr. 44/2026 leggur Neytendastofa stjórnvaldssekt á Orkuna IS ehf. að fjárhæð 1.300.000,- (ein milljón og þrjú hundruð þúsund krónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.“

Neytendastofa, 30. október 2026

Þórunn Anna Árnadóttir
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir